




Gildandi deiliskipulagsuppráttur 1:2500










Breyttur deiliskipulagsuppráttur 1:2500



Hluti Aðalskipulags Bláskógabyggðar
Þéttbýlisuppráttur 2015-2027

SKÝRINGAR

-  Mörk deiliskipulagssvæðis (ca.9,9 ha)
-  Mörk deiliskipulagssvæðis sem breytist
-  Byggð hús
-  Lóðarmörk
-  Byggingareitir
-  Göngu- og reiðleiðir
-  Bifreiðarstæði

Greinargerð

Gerð er breyting á deiliskipulagi Tjaldstæðis á Laugarvatni. Við aðkomu að tjaldstæðinu er afmörkuð lóð þar sem heimilt er að vera með rafhleðslustæði, og svæði fyrir hestagerði er fært fjær Laugarvatnsvegi. Stærð skipulagssvæðis er 0,4 ha.

Deiliskipulag fyrir tjaldstæðið er dagsett í mars 2010. Gerð hefur verið ein breyting á því. Að öðru leyti en því sem hér er greint frá þá gilda skilmálar eldra deiliskipulags, með síðari breytingum.

Í Aðalskipulagi Bláskógabyggðar 2015-2027 er svæðið afþreyingar- og ferðamannsvæði AF34. Svæðið er ætlað fyrir tjaldsvæði og þjónustu því tengt og gert ráð fyrir frekari þjónustu við tjaldgesti. Breytt deiliskipulag er í samræmi við þessa skilmála.

Breytt deiliskipulag

Á deiliskipulagsupprætti er afmörkuð ný lóð og hestagerði fært fjær Laugarvatnsvegi. Í greinargerð eru settir skilmálar fyrir nýja lóð.

Norðan aðkomuvegar að tjaldsvæðinu á Laugarvatni er afmörkuð ný lóð, sem fær staðfangið Dalbraut 3. Á lóðinni er heimilt að vera með hleðslustæði og tilheyrandi mannvirki, s.s. spennistöð, lagnir og hleðslustaura. Spennistöð getur verið allt að 15 m², mænishæð allt að

4 m. Nýta skal trjágróður eða runna til að draga úr umfangi bílastæðis. Heimilt er að vera með lýsingu, skal hún vera látlaus og ljósinu beint niður og að þeim flötum sem þarf að lýsa.

Umhverfisáhrif

Deiliskipulagsbreytingin fellur undir lög um umhverfismat framkvæmda og áætlaða nr. 111/2021.

Stefna aðalskipulags er að bæta þjónustu við tjaldgesti og einnig almennt að bæta þjónustu við ferðamenn, og er stefna í breyttu deiliskipulagi í samræmi við þetta. Sveitarfélagið er hlynnt breytingunni enda hjálpar hún til við orkuskipti í samgöngum, bætir þjónustu við íbúa og gesti og dregur úr losun gróðurhúsalofttegunda þegar auðveldara verður að ferðast um á rafknúnum ökutækjum.

SAMÞYKKTIR

Deiliskipulagsbreyting þessi, sem hefur verið kynnt og auglýst skv. 1.mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 var staðfest af sveitarstjórn Bláskógabyggðar þann _____

f.h. Bláskógabyggð

Auglýsing um gildistöku skipulagsins var birt í B-deild Stjórnartíðinda þann _____



Bláskógabyggð



Deiliskipulagsbreyting

Deiliskipulag Tjaldstæðis á Laugarvatni

Verk:	Blaðstærð	Unnið:	Rýnt:
115017	A3	GAL	IS
Mælikvarði:	Dags:	Dags. breyt:	
1:2500	15.06.2026		

